




Fréttatilkynning 27. apríl 2023

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2022

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 var lagður fyrir borgarráð í dag 27. apríl og vísað til fyrri umræðu í borgarstjórn þann 3. maí næstkomandi. Hér eru raktar meginniðurstöður ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta og A- hluta.


A – og B – hluti:

Rekstrarniðurstaða og rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir samantekinn reikningur A- og B-hluta



Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 6,0 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 9,0 ma.kr. afgangi. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 38,7 ma.kr.


Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta árið 2022 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)






Helstu frávik í rekstri skýrast einkum af matsbreytingu fjárfestingaeigna hjá Félagsbústöðum 14,5 ma.kr. umfram áætlun og fjármagnsgjöldum sem voru 12,7 ma.kr. umfram áætlun. Hærri fjármagnsgjöld má rekja til aukinnar verðbólgu sem var 9,9% á árinu meðan áætlun gerði ráð fyrir 3,3%. Launakostnaður var 0,7 ma.kr. undir áætlun, gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar var 2,8 ma.kr. umfram áætlun og annar rekstrarkostnaður var 4,1 ma.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur A- og B-hluta námu samtals 223,4 ma.kr. á árinu og voru 2,3 ma.kr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Hreinar skuldir A- og B-hluta



Hreinar vaxtaberandi skuldir jukust um 45 ma.kr. milli ára en hreinar skuldir jukust um 51 ma.kr. Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda milli ára má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir hjá A-hluta og meiri verðbólgu. Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 31. desember 2022 námu samtals 870,3 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 446,4 ma.kr. Eigið fé nam 424 ma.kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 16,3 ma.kr. Eiginfjárlutfall A- og B-hluta jókst á árinu úr 48,5% í 48,7%.


Sjóðstreymi A og B-hluta árið 2022 (m.kr.)



Veltufé frá rekstri hjá A- og B-hluta var umfram áætlun og nam 27,8 ma.kr. eða 12,4% af tekjum en áætlun gerði ráð fyrir 27 ma.kr. eða 12,2%. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og seldum byggingarrétti námu 43,6 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög



námu 31,8 ma.kr. á árinu, nýjar leiguskuldir námu 1,1 ma.kr. og afborganir lána og leiguskulda námu 23,2 ma.kr. Handbært fé í árslok var 22 ma.kr.




Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 12,4% á árinu og hækkaði um 0,7% og brúttó fjárfesting var 22,8% í hlutfalli af tekjum og jukust um 2,8%.

Sé litið til 64 gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisregla). Þá skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% (skuldaregla) og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Reglugerð 502/2012 kveður á um útreikninga á jafnvægis- og skuldareglu. Ákvæði um að undanskilja veitu- og/eða orkufyrirtæki við útreikning á skuldaviðmiði gilti til ársloka 2021.


Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga skv. ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Var það gert til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Eftirfarandi myndir sýna niðurstöður jafnvægis- og skuldareglu A- og B-hluta bæði með og án Orkuveitu Reykjavíkur, sem skv. reglugerð 502/2012 var skylt að undanskilja til ársloka 2021.






Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnalögum



Vakin er athygli á að árin 2018 og 2019 miðast við eldri útgáfu af reglugerð 1212/2015 þar sem Faxaflóahafnir og byggðasamlögin voru tekin inn í samantekni reikning A og B-hluta að fullu.


A – hluti:



Rekstrarniðurstaða A-hluta á árinu 2022 var neikvæð um 15,6 ma.kr. Rekstrarniðurstaða án halla af málefnum fatlaðs fólks var neikvæð um 6,4 ma.kr. en hallinn af málaflokknum nam 9,3 ma.kr. á árinu. Samanlagður halli af málaflokki fatlaðs fólks á árunum 2011-2022 nemur 35,6 ma.kr.




Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2022
og frávik frá upprunalegri áætlun (m.kr.)



Afkoma A-hluta var 12,8 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Þar af var annar rekstrarkostnaður 5,5 ma.kr. yfir fjárheimildum, hækkun lífeyrisskuldbindingar nam 2,8 ma.kr. umfram áætlun og nettó fjármagnsgjöld 5,9 ma.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur A-hluta voru 2 ma.kr. yfir áætlun, framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 1,4 ma.kr. umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir.


Hreinar skuldir A-hluta



Á árinu 2022 jukust hreinar skuldir um 34 ma.kr. Aukningu í hreinum skuldum má helst rekja til 14,3 ma.kr. lántöku umfram afborganir, 9,1 ma.kr. hækkunar verðbóta og affalla, 2,8 ma.kr. hækkunar á lífeyrisskuldbindingu umfram afborganir. Heildareignir A-hluta samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2022 námu samtals 257,1 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 174,5 ma.kr. Eigið fé nam 82,6 ma.kr. og eiginfjárhlutfall nam 32%.



Sjóðstreymi A-hluta árið 2022 (m.kr.)



Veltufé frá rekstri var jákvætt um 443 m.kr. en var 369 m.kr. árið 2021. Heildarfjárfestingar námu 26 ma.kr. en samanlögð gatnagerðargjöld og tekjur af byggingarétti námu 6,5 ma.kr. Lántaka ársins nam 19,4 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 2 ma.kr. og nýjar leiguskuldir námu 814 m.kr.

Afborganir lána og leiguskulda námu 5,1 ma.kr. Handbært fé í árslok nam 10,2 ma.kr.

Aðstæður í ytra efnahagsumhverfi Reykjavíkurborgar höfðu umtalsverð áhrif á rekstrarafkomu borgarinnar á árinu 2022. Viðsnúningur varð á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi í kjölfar kórónaveirufaraldursins hjaðnaði hratt og er nú lægra en fyrir faraldurinn. Stríðið í Úkraínu sem hófst í febrúar 2022 hafði mikil áhrif á hagkerfi heimsins og verðbólga jókst hratt í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands. Vegna verðhækkana á húsnæðismarkaði, hárrar verðbólgu og þenslu í hagkerfinu hækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti jafnt og þétt og námu þeir 6% í lok ársins en þeir voru í ársbyrjun 2%. Þessi staða setti svip sinn á rekstur borgarinnar og uppgjör á árinu 2022.

Reykjavíkurborg greip til ráðstafana í rekstri A-hluta í byrjun september 2022 og samþykkti í borgarráði aðgerðir til að takast á við halla og önnur áhrif erfiðra skilyrða í ytra efnahagsumhverfi. Brugðist var við með samdrætti í fjárfestingum og dregið úr lántökupörf. Gjaldskrár voru leiðréttar og hækkaðar í ljósi aukinnar verðbólgu. Þá voru settar samræmdar reglur um ráðningar til að gæta aðhalds. Fimm ára fjárhagsáætlun 2023-2027 sem samþykkt var í borgarstjórn 6. des. sl. tekur með sama hætti mið af erfiðri stöðu. Fjárfestingar voru dregnar saman miðað við fyrri áætlanir og umtalsverðar hagræðingaraðgerðir kynntar.

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2023-2027, sem samþykkt var samhliða fjárhagsáætlun, var undirbúin með hliðsjón af fjárhagslega stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi borgarinnar. Í stefnunni er skýr áhersla á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélag til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar. Ýtarlegar upplýsingar um Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar og forsendur fjárhagsáætlunar er að finna í gögnum fjárhagsáætlunar á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#).



Seðlabanki Íslands hefur haldið áfram að hækka stýrivexti það sem af er þessu ári, þar sem ekki hefur tekist að ná niður verðbólgunni og standa þeir nú í 7,5%. Fjárfestingar ársins 2022 voru fjármagnaðar annars vegar með útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 16 ma.kr. og hins vegar með lánaramma til 15 ára við Landsbanka Íslands að fjárhæð 6 ma.kr. Reykjavíkurborg áætla að fjármagna fjárfestingar ársins 2023 með lántökum allt að 21 milljarði króna. Gert er ráð fyrir að lántakan fari fram með útgáfu skuldabréfa á skuldabréfamarkaði, með beinni lántöku eða með öðrum hætti til að mæta fjárförf borgarsjóðs á hverjum tíma. Ákvörðun um fyrirkomulag hvers útboðs er tekin í aðdraganda þess, meðal annars að teknu tilliti til lánskjara, stöðu framkvæmda og fjárþarfar á hverjum tíma. Reykjavíkurborg hefur þegar tryggt tæplega helming af áætlaðri lántöku ársins 2023. Annars vegar með útgáfu skuldabréfa sem nemur 4,1 ma.kr. það sem af er ári og hins vegar með samningi við Íslandsbanka um 6 ma.kr. langtímalán, en á það hafa þegar verið dregnir 3 ma.kr.

Reykjavík, 27. apríl 2023.

Nánari upplýsingar veitir
Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
halldora.karadottir@reykjavik.is